



Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna
Reykjavík 1. nóvember 2023
Þingskjal 334 – 327 mál

**Umsögn Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um
þingskjal 334 – 327 mál, þingsályktun um fasta starfsstöð þyrlu
Landhelgisgæslunnar á Akureyri.**

LSS fagnar þessari tillögu en staðsetning þyrlu á landsbyggðinni er löngu tímabær. Aðgengi landsmanna að bráðaþjónustu er af landfræðilegum ástæðum misskipt og það er því er engin vafi að bráðaheilbrigðisþjónusta, slökkvi- og björgunarþjónusta, mun samtímis aukast og ekki síður jafnast með þessu framtaki. Gangi þessi þingsályktun eftir mun bráðaheilbrigðisþjónusta, slökkvi- og björgunarþjónusta færast einu skrefi nær þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við.

Talsverð umfjöllun og vinna hefur þegar farið fram um notkun á þyrlu í bráðaþjónustu utan spítala með staðsetningu á landsbyggðinni og því nokkur atriði úr þeirri vinnu sem við viljum árétta í þessu samhengi.

- Í skýrslunni, Sjúkraflutningar með þyrlum, sem unnin var af fagráði sjúkraflutninga árið 2017 kemur eftirfarandi fram: „Landhelgisgæslan (LHG) rekur björgunarþyrlur sem í dag sinna aðkallandi sjúkraflutningum í samræmi við lög um Landhelgisgæslu Íslands, en útkallstíminn er tiltölulega langur þar sem áhafnir eru á bakvöktum. Rætt hefur verið um aukna þátttöku LHG í sjúkraflutningum á Suður- og Vesturlandi og jafnvel á landinu öllu. Til að svo megi vera þarf í fyrsta lagi að stytta útkallstíma áhafna. Það verður best gert með því að koma á bundnum vöktum í stað bakvakta. Í öðru lagi telur fagráð sjúkraflutninga að breyta þurfi samsetningu áhafna þannig að hún verði betur í stakk búin til að sinna alvarlegum læknisfræðilegum vandamálum. Það verður best gert með því að bráðatæknir eða hjúkrunarfræðingar starfi við hlið þyrlulæknis.“

Nálgast má úrdrátt úr þessari skýrslu hér:

[https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/VEL/Sj%20c3%20bakra%20c3%20beyrila%20-%20c3%20batdr%20c3%20a1ttur%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/VEL/Sj%20c3%20bakra%20c3%20beyrila%20-%20c3%20batdr%20c3%20a1ttur%20-%20Copy%20(1).pdf)

Fagdeild sjúkraflutninga LSS hefur þegar komið mikið að þeirri vinnu sem unnin hefur verið í málaflokknum og vill gjarnan vera stjórnvöldum áfram innan handar í þeirri skipulagsvinnu og vegferð sem fyrir liggur.



LSS telur einnig mikilvægt að hugað sé að notagildi þyrlu á landsbyggðinni vegna slökkvi- og björgunarþjónustu og mun staðsetning þyrlu LHG á Akureyri stórauka möguleika í þeim málaflokki.

Þróun samfélagsins, fjöldi ferðamanna, uppbygging iðnaðar og samgöngumannvirkja skapa sífellt flóknari og sérhæfðari áskoranir fyrir neyðar og björgunarþjónustu. Nær ómögulegt er að ætlast til af öllum útkallsliðum að vera með sérhæft viðbragð og búnað til að bregðast við flóknum verkefnum og því mikilvægt að hægt sé að nálgast frekari bjargir á sem fljótastan hátt.

Með því að staðsetja björgunarþyrlu LHG á Akureyri mun stóraukast raunverulegt þjónustusvæði LHG, skapast dýrmæt tækifæri til samstarfs og uppbyggingar á sérhæfðum hópum í neyðar og björgunarþjónustu. Björgunarþyrla á Akureyri myndi ekki bara styrkja innviði neyðar og viðbragðsþjónustu á því svæði sem betur verður þjónustað heldur skapast tækifæri til að koma á landsdekkandi sérhæfðu neyðar og björgunarviðbragði með markvissu samstarfi viðbragðsaðila og þjálfun.

f.h. LSS
Bjarni Ingimarsson
Formaður